



Greinargerð með tillögu að starfsleyfi

Fljótsdalshérað – Urðunarstaður Tjarnarlandi

Grein 1.1

Umhverfisstofnun ákvað að víkja frá fjarlægðarmörkum hvað varðar íbúðarhúsin að Tjarnarlandi, enda fékkst jákvæð umsögn þess efnis frá heilbrigðisnefnd Austurlands þann 16. mars 2015. Leitað var álits Skipulagsstofnunar og gerir hún ekki athugasemdir.

Grein 1.2

Heimild til urðunar á 2000 tonnum fór í umhverfismat árið 2013. Stækkun í 3000 tonn fór í matsskylduákvörðun 2015. Umsækjandi sótti um heimild fyrir 2500 tonn og ætlar að halda sig innan við 10 tonn á sólarhring að jafnaði til að falla í 2. eftirlitsflokk, í stað 1. flokks. Til að urðun 2500 tonna á ári sé í samræmi við deiliskipulag urðunarstaðarins þarf Fljótsdalshérað að breyta gildandi deiliskipulagi. Gerð þessarar breytingar er langt komin og er gert ráð fyrir að henni ljúki fyrir útgáfu starfsleyfisins.

Veitt er heimild til að urða stöðug, óvirk spilliefni sem fullnægja móttökuviðmiðunum í reglugerð um urðun úrgangs. Í upphaflegri starfsleyfisumsókn var sérstaklega tekið fram að ekki væri ætlunin að urða spilliefni á urðunarstaðnum. Það sama kom fram í matskýrslu. Með breytingu á starfsleyfisumsókn, dags. 31. mars 2015, sótti umsækjandi um heimild til að urða stöðug, óvirk spilliefni, með vísan til heimildar í 6. gr. reglugerðar um urðun úrgangs. Þessi heimild er veitt í starfsleyfinu jafnvel þótt í mati á umhverfisáhrifum hafi verið gengið út frá að ekki yrðu urðuð spilliefni, enda gera móttökuviðmiðanir reglugerðar um urðun úrgangs ráð fyrir að útskolun úr stöðugum, óvirkum spilliefnum sé með svipuðum hætti og úr almennum úrgangi. Urðun stöðugra, óvirkra spilliefna er því ekki líkleg til að auka útskolun efna frá urðunarstaðnum. Leitað var álits Skipulagsstofnunar og gerir hún ekki athugasemdir.

Heimild er til áframvinnslu moltu sem jarðgerð hefur verið annars staðar. Þessi starfsemi er ekki tilkynningaskyld vegna mats á umhverfisáhrifum þar sem hún er undir 500 tonnum á ári.

Grein 3.2

Umsækjandi lagði fram áhættumat þar sem gerðir voru útreikningar á vatnsbúskap staðarins. Niðurstaðan varð að innan við 5% vatns sleppa framhjá söfnunarkerfi. Í mati á umhverfisáhrifum voru hins vegar boðaðar þéttingar í samræmi við reglugerð um urðun úrgangs í hólfi fyrir sláturúrgang. Þess vegna eru mismunandi kröfur fyrir sláturúrgang annars vegar og annan úrgang hins vegar.

Grein 3.3

Ekki er lagt drenkerfi fyrir sigvatn í botni reina en skurðum sunnan og vestan við staðinn er ætlað að safna því sem næst öllu því vatni sem rennur um staðinn. Áhættumat umsækjanda sýndi að þetta fyrirkomulag er líklegt til að virka eins og til er ætlast. Gerð er krafa um að botn þessara skurða liggja neðar en botn urðunarreina til að tryggja betri söfnun. Umsækjandi þarf að athuga að áður en hann byrjar urðun á svæði B skv. deiliskipulagi þá þarf að grafa nýja skurði, enda er það svæði töluvert

vestar en eldra og núverandi svæði. Eftirlitsmælingar á að gera á því vatni sem safnast í þessa skurði, áður en það rennur í Lagarfljót.

Jarðfræðilegur tálmi og botnþétting verða í urðunarhólfi fyrir sláturúrgang og því er gerð krafa um drenlögn þar. Vatnið er svo leitt til blöndunar við vatnið úr skurðunum sunnan og vestan við staðinn. Mesta hættan er á losun fitu frá þessu hólfi og því er gerð krafa um fituskilju ef fitu verður vart við sjónrænt eftirlit sem á að framkvæma tvisvar á ári. Aðra mengun sem mögulega getur orðið af vatni frá þessu hólfi, t.d. næringarefni, er mögulegt að hreinsa eftir að vatnið blandast skurðvatninu. Þannig yrði hægt að samnýta hreinsivirkið.

Lagarfljót er viðkvæmur viðtaki og því telst það ekki þynningarsvæði og ber að tryggja að mengunar þar verði ekki vart.

Grein 3.4

Umsækjandi lagði fram útreikninga á metanmyndun skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og IPCC-líkani. Samkvæmt þeim verður metanmyndun undir mörkum í reglugerð um urðun úrgangs miðað við gefnar forsendur.

Grein 4.3

Til að bæta nýtingu urðunarhólfa sótti umsækjandi um að fá að leggja nót yfir urðaðan úrgang í stað daglegrar jarðvegshulu. Átti beiðnin sérstaklega við sláturúrgang. Í mati á umhverfisáhrifum var töluverð umræða um mögulega lyktarmengun og fok og var dagleg jarðvegshula sett fram sem mótvægisáðgerð, einkum fyrir sláturúrgang. Þess vegna er ekki fallist á beiðni umsækjanda nema fyrir þann úrgang sem ekki getur fokið, skapað lyktarmengun, ónæði, hættu eða ágang meindýra. Vegna umfjöllunar í mati á umhverfisáhrifum er sláturúrgangur sérstaklega nefndur.

Grein 5.2

Hætta er á losun fitu frá hólfi fyrir sláturúrgang og því er gerð krafa um sjónrænt eftirlit tvisvar á ári.

Yfirborðsvatn í drenskurðum sunnan og vestan (blanda grunnvatns, úrkomu og sigvatns) á að mæla árlega. Mælipættir eru hefðbundnir fyrir sigvatn. Svifagnir eru mældar í þessu vatni þar sem umsækjandi gerði athugasemdir við mælingum á svifögnum í Lagarfljóti, eins og upphafleg krafa hljóðaði. Mæla á rennslið mánaðarlega.

Stöðu og samsetningu grunnvatns á að mæla tvisvar á ári. Mælipættir eru hefðbundnir fyrir grunnvatn. Ástæðan fyrir tveimur mælingum á ári á samsetningu er sú að kröfur um jarðfræðilegan tálma og botnþéttingu eru minnkaðar í grein 3.3.

Fylgjast á með áhrifum í viðtaka, þ.e. Lagarfljóti, með mælingum einu sinni á ári. Mælipættir eru hefðbundnir fyrir yfirborðsvatn.

Grein 5.5

Samkvæmt starfsleyfisumsókn er áætluð heildarafkastageta á rekstartíma urðunarstaðarins 68.000 tonn. Þar sem heildarafkastagetan er yfir 25.000 tonnum þarf rekstraraðili að skila útstreymisbókhaldi.